

Leikskólinn Arnarsmári



**Leikskólar Kópavogs
Starfsáætlun 2025 – 2026**

Efnisyfirlit

1. Formáli.....	3
2. Inngangur	3
3. Skólastarfið/Leiðarljós.....	3
4. Mat á skólastarfi	4
Innra mat leikskólans.....	4
Ytra mat.....	6
5. Umbótaáætlun	7
6. Áherslur í starfi leikskólans.....	7
7. Þróunar- og nýbreytnistarf	8
8. Foreldrasamstarf	8
Foreldraráð.....	8
Foreldrafélag	8
9. Starfsfólk.....	8
10. Símenntunaráætlun.....	9
Skipulagsdagar.....	9
11. Aðrar upplýsingar	9
12. Húsnæði og lóð.....	9
Skólaárið 2024 - 2025	9
Ósk um viðhald skólaárið 2025 – 2026.....	10
13. Öryggismál.....	10
14. Lokaorð	10
15. Fylgigögn.....	11
Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun	11
Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun	11
Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal.....	11
Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs	11

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

2. Inngangur

Miklar breytingar urðu á síðasta skólaári. Stjórnendur skólans fóru í langtímaveikindi í upphafi skólaársins, aðstoðarskólastjóri kom til baka um áramót en skólastjóri er enn frá vegna veikinda. Í október var nýr leikskólastjóri ráðinn tímabundið til að leysa af. Kennarar og starfsmenn skólans tókust á við erfitt verkefni og leystu þeir það með miklum sóma. Allir lögðust á eitt að halda uppi metnaðarfullu skólastarfi við erfiðar aðstæður. Ekki var hægt að skila inn starfsáætlun fyrir síðasta ár þar sem nýr stjórnandi hafði ekki forsendur til að búa hana til.

Arnarsmári er Réttindaskóli Unicef frá því í nóvember 2022 og vinnur nú samkvæmt því ásamt öðrum skólum í Kópavogi. Úttekt var tekin á starfi okkar sem réttindaskóla í byrjun júní og fengum við góða umsögn og viðurkenning veitt 20. júní

Arnarsmári er í Erasmus+ verkefni um sjálfbærnimenntun barna og hafa þrír starfsmenn skólans unnið í nánú samstarfi við aðrar þátttökupjóðir sem koma frá Eistlandi og Belgíu. Í maí 2024 tókum við á móti hópnum á Íslandi og fengu gestirnir að kynnst því hvernig við í Arnarsmára vinnum með börnunum að umhverfismennt og fengu gestirnir að taka þátt í ýmsum verkefnum með börnunum. Gestirnir okkar voru mjög ánægðir með heimsóknina til Íslands og tóku með sér margar hugmyndir heim í sína skóla. Kennarar héðan fóru svo og kynntu sér hvernig unnið er með sjálfbærni í Eistlandi og Belgíu. Verkefninu lauk í ágúst 2025.

Þetta skólaárið verður lögð áhersla á að vinna áfram með réttindi barna og Barnasáttmálann, Uppbyggingarstefnuna, Lubba, Blæ, útikennslu og heilsueflandi leikskóla. Uppbyggingastefnan á stóran sess í skólastarfinu og litar allt starf og samskipti milli starfsfólks og barna. Lögð er áhersla á fræðslu í formi námskeiða og fræðslu- og spjallmorgna fyrir starfsfólk.

3. Skólastarfið/Leiðarljós

Í Arnarsmára er markvisst unnið með einkunnarorð skólans sem eru frumkvæði, vinátta og gleði. Uppbygging sjálfsaga – Uppeldi til ábyrgðar er uppeldisstefna sem starfað er eftir í Arnarsmára. Þessi stefna hefur mikinn samhljóm við starfið í skólanum og hafa allflestir kennarar skólans farið á námskeið í þessum fræðum.

Stefnan miðar að því að kenna börnum sjálfstjórn og sjálfsga, að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum og ekki síst að börnin læri af mistökum í samskiptum og nái að vaxa af þeim. Að skapa aðstæður til að leiðrétta mistök sín og gera betur og snúa aftur til hópans hugdjarfari en fyrr.

Í Arnarsmára iðka börn og kennarar dyggðir og tekin er fyrir ein dyggð á u.þ.b. 6 vikna fresti og lögð sérstök áhersla á hana.

Dyggðirnar eru: *lðjusemi, tillitssemi, heiðarleiki, agi og hlýðni, virðing, kurteisi og fyrirgefning.*



Arnarsmárasólin inniheldur frumkvæði, vináttu og gleði og sendir frá sér geisla sem hver um sig er ein dyggð. Þegar byrjað er á nýrri dyggð er geisla þeirra dyggðar snúið við og þegar skólaárinu lýkur hefur öllum geislunum verið snúið við. Sjá nánar á heimasíðu.

4. Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Arnarsmára eru *á stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra*. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni alls starfsfólks. Matsteymið leggur fram matsáætlun sem borin er undir stjórnendur og starfsfólk en þar eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári, þættir sem skoðast sjaldnar ásamt fyrir fram ákveðnum þáttum um grunnþætti menntunar.

Matsteymi: Aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri, deildastjórar, fulltrúi í foreldraráði.

Matsþættir	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x	x		x
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	x	x		x
Faglegt samstarf	x	x		x
Leikskólaþróun og símenntun	x	x		x
Skólanámskrá (Endurskoðuð á 5 ára fresti)	x			
Starfsáætlun	x	x	x	x
Áætlanir og verklagsreglur (Læsisáætlun, málstefna og áfallaáætlun)		x		x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka	x	x	x	x
Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli margbreytileikans	x	x	x	x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Sambætt og skapandi leikskólastarf				
Sjálfbærni og vísindi	x			
Læsi og samskipti		x		
Heilbrigði og vellíðan			x	
Sköpun og menning				x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara	x		x	
Fagmennska starfsfólks	x		x	
Starfsánægja	x	x	x	x
Leikskólabragur				
Viðmót og menning		x		x
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi		x		x
Viðhorf foreldra	x	x		x
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni	x	x	x	x
Gagnaöflun og vinnubrögð	x	x	x	x
Opinber birting og umræður	x	x	x	x

Innra mat 2024-2025 námssviðið sjálfbærni og vísindi var metið og niðurstöðurnar voru þær að allir voru sammála um að vera duglegri að fara í fjölbreyttari ferðir og gera fleiri verkefni í þeim. Við ætlum að nota fjölbreyttari orðaforða sem tengjast náttúru og vísindum og vera duglegri að flokka með börnunum. Við viljum gera þau meðvitaðri um mikilvægi flokkunar. Gera meiri vísindatilaunir og hugsa betur um matjurtagarðinn okkar.

- Viðburðir í skólanum eru metnir jafnóðum eftir að þeir fara fram.
- Í tengslum við Réttindaskóla verkefnið mátu elstu árgangar skólans skólastarfið
- Öll börn í skólanum fara í gegnum EFI og Hljóm-2 þegar við á og einnig er stuðst við TRAS. Ef börn koma illa út úr þessum prófum er gripið inn í með íhlutun. Allir foreldrar fá upplýsingar um niðurstöður prófanna.

Skólaárið 2025-2026 verður lögð áhersla á læsi og samskipti í innra mati.

Ytra mat

Tilgangur ytra mats er að tryggja gæði starfsins í leikskólanum, að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerðir og aðalnámskrár leikskóla. Ytra mat á að auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum og tryggja að réttindi, öryggi og vellíðan barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Framkvæmd ytra mats í leikskólanum er meðal annars gert með því að skoða fyrirbyggjandi gögn um starfsemi skóla, heimsóknunum, viðtölum við börn, starfsfólk skóla og foreldra af utanaðkomandi aðila. Ytra mat kemur ekki í stað innra mats af því að forsendur þess að leikskólinn nýti sér niðurstöður ytra mats til umbóta er að hann hafi áttað sig á styrk- og veikleikum sínum í gegnum innra mat.

Samantekt á niðurstöðum kannana og eftirlits koma hér. Umbóta getið í umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

- Skólapúlsinn meðal starfsmanna vor 2025.
- Skólapúlsinn meðal foreldra vor 2025
- Heilbrigðiseftirlit
- Vinnueftirlitið
- Eldvarnareftirlit
- Öryggiseftirlit lóða

Skólapúlsinn lagið fyrir starfsmannakönnun í apríl 2025. Svarhlutfall var 90% og getum við verið nokkur sátt með niðurstöðurnar. Vissulega voru miklar breytingar á stjórnun skólans og kemur það fram í niðurstöðunum. Unnið verður áfram að bættum samskiptum starfsfólks og skýrar línur verða teknar í samskiptum í skólanum. Alltaf vantar eitthvað upp á í upplýsingastreymi til starfsfólksins og er mikilvægt að allir beri ábyrgð á að leita sér upplýsinga og lesa fundargerðir.

Skólapúlsinn lagði fyrir viðhorfskönnun meðal foreldra og fór hún fram í mars 2025. Svarhlutfall var 88,7%. Í öllum flokkum er Arnarsmári yfir landsmeðaltali meðal annarra leikskóla á landinu. Þó lækkum við eitthvað frá fyrri könnun en hækkum í öðrum hlutum könnunarinnar. Sérstaklega lækkum við í matarræði þegar spurt er um sérfæði í skólanum sem kom okkur nokkuð á óvart þar sem við leggjum okkur fram við að gera vel við þau börn sem eru á sérfæði. Þar sem spurt er um ánægju með leikskólann komum við mjög vel út og þ.e. 100% foreldra eru ánægðir með leikskólann og komum við sérlega vel út úr þeim þætti og getum við ekki annað en verið ánægð með það traust sem foreldrar bera til okkar. Það sama á við um daglegt leikskólastarf þar sem spurt er um ánægju með leikskólann, stjórnun og húsnæði/aðstöðu en þar erum við marktækt fyrir ofan landið í þremur spurningum af sex. Flutningur milli skólastiga er sá þáttur sem ítrekað kemur ekki vel út en þar er spurt um hvort foreldrar fái að vera virkir þátttakendur í undirbúningi að flutningi á milli skólastiga. Þar finnst okkur erfitt að átta okkur á því hvað veldur þar sem grunnskólinn og leikskólinn hafa skipulagt heimsóknir sín á milli en síðan er foreldrum boðið í grunnskólann á hans vegum. Við höfum

sent Skólapúlsinum athugasemd um þessa spurningu og orðalag og var vel tekið í að endurskoða hana.

Heilbrigðiseftirlitið kom ekki til okkar veturinn 2024-2025 en sendar voru athugasemdir til þeirra er málið varðar hjá Kópavogsbæ 2024.

Vinnueftirlitið kom ekki til okkar veturinn 2024-2025

Húsumsjónarmaður skólans sér um að fara yfir eldvarnir skólans og fyllir út þar til gert skjal. Slökkvilið kemur líka og skoðar aðstæður og ræðir við elstu börn skólans.

Öryggiseftirlit lóðar er gert á hverju ári af úttektaraðilum.

Skólaárið 2025-2026 verður framkvæmd vinnustaðagreining ásamt því að lögð verður fyrir foreldrakönnun á vegum Skólapúlsins.

5. Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í Arnarsmára er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar og má sjá í fylgisskjali 1.

6. Áherslur í starfi leikskólans

- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmið. Leikskólinn Arnarsmári hefur verið réttindaskóli Unicef frá árinu 2022 og tengjum við það saman við Heimsmarkmiðin.
- Áætlun um læsisstefnu og málstefnu. Stefnt er að endurskoðun læsisstefnu og að búa til málstefnu á komandi skólaári. Unnið verður á skipulagsdögum í vetur og í faghópum. Markmið er að þær verði tilbúnar á vormánuðum. Stefnurnar verða birtar á heimasíðu skólans og kynnar foreldrum.
- Nýjar áherslur í aðalnámskrá hafa verið kynntar, og eru allir að tileinka sér þær áherslur.
- Endurskoðun skólanámskrár gengur vel og verður hún gefin út á haustmánuðum.
- Hæfniramar í íslensku hafa verið kynntar kennurum skólans en ekki hefur þó verið mikil þörf á þeim þar sem börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn eru ekki mörg í skólanum.
- Allt starfandi fagfólk við skólann hefur farið á námskeið í Farsældarlögunum og vita hvað felst í þeim, annað starfsfólk mun fá fræðslu um þau í gegnum Fræðslutorg.
- Lausnarteymi skólans saman stendur af leikskólastjóra, sérkennslustjóra og deildarstjóra þeirrar deildar sem við á. Haldnir verða reglulegir fundir með málsaðilum.

7. Þróunar- og nýbreytnistarf

Eins og áður hefur komið fram er skólinn Réttindaskóli Unicef og vinnum við enn að því að innleiða og þróa það starf. Ætlum við einnig að vinna markvisst að því að upplýsa og kynna Farsæðarlögin fyrir starfsfólki og foreldrum barna í skólanum.

8. Foreldrasamstarf

Gott foreldrasamstarf er mjög mikilvægt í starfi leikskólans. Kennarar Arnarsmára leggja áherslu á að foreldrar upplifi sig velkomna í skólann og að þeir finni að kennurum sé annt um börn þeirra. Samstarf kennara og foreldra á að byggja á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hvors annars. Þetta byggir á þeirri forsendu að foreldrar beri meginábyrgð á uppeldi barna sinna. Nánar á heimasíðu.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Starfsreglur og fundargerðir má finna á heimasíðu leikskólans. Reynt er að hafa fulltrúa frá hverri deild skólans í foreldraráði og verður kosið í lausar stöður á foreldrafundi í haust.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða. Á aðalfundi foreldrafélagsins í haust verður kosið í stjórn og þeir sem áhuga hafa mega vera í stjórn félagsins.

9. Starfsfólk

Í Arnarsmára er gert ráð fyrir 12,42 stöðugildum á deildum, 100% stöðu leikskólastjóra, 40 % stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 50% stöðu sérkennslustjóra og 175 % stöðugildi í eldhúsi. Að auki er 67% starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna.

Síðasta starfsár voru 13,8 stöðugildi, en þar af 3,8 stöðugildi vegna sérkennslu.

Leikskólaárið 2025-2026 starfa í Arnarsmára auk stjórnenda, átta leikskólakennarar þar af fimm sem deildastjórar, sérkennslustjóri, og almennur kennari inn á deild. Íþróttافرæðingur sem fer á milli deilda, einn nemi í leikskólakennarafræðum við HÍ, annar nemi í meistaranámi við HÍ, listasmiðjustjóri, leiðbeinendur, matráður og aðstoðarmatráður. Enginn nýr starfsmaður verður ráðinn í skólann í upphafi skólaárs, starfsfólk er að koma úr fæðingarorlofi og námsleyfum.

Í vetur verða stöðugildi 13,10 og viðbótarkennsla verður 1,5 stöðugildi. Aldurssamsetningin í barnahópnum er þannig að í tveimur elstu árgöngunum okkar eru 51 barn af þeim 85 sem eru í húsi. Því hefur stöðugildum fækkað í hús frá því í fyrr.

10. Símenntunaráætlun

Leikskólastjórndendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu sem eykur á faglegan og persónulegan þroska og hæfni þess. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og þau eru haldin á skipulagsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á ári. Fjórða hvert ár geta leikskólar sótt um sjötta skipulagsdaginn til leikskólanefndar ef um námsferð erlendis er ræða. Skipulagsdagar verða nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins.

Sótt verður um sjötta skipulagsdaginn þar sem áætlað er að fara í námsferð til Barcelona vorið 2026.

1. *Föstudaginn 12. September- Veturinn skipulagður, deildarfundir og hópurinn hristur saman*
2. *Miðvikudaginn 12. nóvember – Fara yfir stefnur og áætlanir - desember dagskrá sett upp*
3. *Föstudaginn 16. Janúar – Skyndihjálpanámskeið - vorönn skipulögð*
4. *Þriðjudaginn 10. mars – Heimsóknir í leikskóla - deildafundir og annað skipulag*
5. *Föstudaginn 15. maí - Stefnt er að námsferð erlendis.*
6. *Miðvikudaginn 13.maí-*

Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólkið til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir leikskólastarfið og sækja þau.

11. Aðrar upplýsingar

Skólaárið 2025-2026 eru 85 börn í vistun. Af þeim eru þrjú börn sem eiga báða foreldra af erlendum uppruna og 5 börn sem eiga annað foreldri erlent og hitt íslenskt.

Fjöldi dvalarstunda er 632 á dag og meðaldvalartími barna eru 7,43klst á dag. Sem er svipaður dvalartími og í fyrra, þó aðeins hærri.

Í vetur eru stöðugildi vegna viðbótarkennslu 1,5.

Aldursskipting	Fjöldi barna
Börn fædd 2020	28
Börn fædd 2021	23
Börn fædd 2022	18
Börn fædd 2023	16

12. Húsnæði og lóð

Skólaárið 2024 - 2025

Í október voru settar upp hljóðeinangrandi plötur á vegg inn á Akur, matsal og hreyfisal, sem reyndust vel og spurning hvort fleiri plötur verði keyptar og settar upp.

Fyrsta febrúar 2025 var ráðinn húsumsjónarmaður í leikskóla Kópavogsbæjar og er hlutverk hans að koma og aðstoða við viðhald og annað sem til fellur í leikskólanum eins og t.d eldvarnareftirlit. Þetta starf er í mótun og hefur reynsla okkar verið góð.

Í júní var byrjað á að endurgera eldhúsið í Arnarsmára, byggja á við húsið og stækka eldhúsið sem því nemur. Vinnuáðstaður og aðbúnaður verða vonandi betri eftir þessar breytingar.

Ósk um viðhald skólaárið 2025 – 2026

Komið er að málningu á húsinu öllu. Málning hefur flagnað af á mörgum stöðum, Flísar í fataherbergjum eru margar lausar og erfitt er að sópa upp sand þar sem fúgur milli flísa eru orðnar lélegar. Salernisaðstaða fyrir starfsfólk á Bláa gangi þarf að endurnýja skipta þarf um flísar á gólfi þær eru farnar að losna.

Klára þarf að endurnýja dúka á gólfum deilda, og skipta þarf um hljóðdempun í loftum.

13. Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón.

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti.

Öryggisnefnd: aðstoðarleikskólastjóri, deildastjóri, leiksskólastjóri

Öryggistrúnaðarmaður: aðstoðarleikskólastjóri

Öryggisverðir: leikskólastjóri, deildastjóri, leiðbeinandi

Áfallaráð: aðstoðarleikskólastjóri, deildastjóri, leiðbeinandi

Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Vís.

Skólaárið 2024-2025 var ekkert alvarlegt slys en fjögur börn fengu litla skurði á andlit, eitt barn féll af stól og fékk höfuðhögg. Annað var smávægilegt.

14. Lokaorð

Komandi skólaár leggst vel í okkur stjórnendur við erum að fóta okkur í nýjum verkefnum og höldum við áfram ótrauð og full tilhlökkunar. Starfsfólk skólans er áhugasamt og tilbúið í komandi verkefni. Unnið verður áfram að því góða starf sem unnið er í skólanum. Allir munu leggja metnað sinn í að gera enn betur en þó reyna að einfalda starfið og gera okkur það auðveldara án þess þó að minnka gæðin. Góð samskipti á vinnustað er eitthvað sem okkur langar til að leggja áherslu á á komandi vetri við ætlum að leggja okkur fram við að vanda okkur í samskiptum og koma fram við aðra eins og við viljum að aðrir komi fram við okkur.

15. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun

Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun						
Viðfangsefni/markmið	Vegna	Aðgerðir til umbóta	Tímarammi	Ábyrgð	Viðmið um árangur	Staða
Námssviðið Sjálfsbærni og vísindi	Stefna sveitarfélags	Að deildarstjórar og kennarar deilda vinni markvisst með niðurstöðu matsins.	2025/2026	Stjórnendateymi	Þeir þættir í mati síðasta skólaárs verði komnir í það horf sem við viljum	Nýtt námsvið metið á hverju vori, gengur vel.
Dagskipulag og verkefni	Niðurstöður starfsmannasamtala	Dagskipulag og verkefnin verið endurskoðuð á fundum. Unnið út frá breyttu aðgerðardagatali í vetur	2025/2026	Stjórnendateymi skólans	Endurmat / könnun að vori	Gengur vel, reglulega endurskoðað
Deildafundir	Niðurstöður starfsmannasamtala	Deildafundir festir betur í skorðum, stjórnendur minna á fundina reglulega	2025/2026	Stjórnendateymi skólans	Endurmat / könnun að vori	Breytt fyrirkomulag á deildarfundum til þess að þeir verði reglulegir.
Málstefna	Stefna sveitarfélags	Unnið er að gerð málstefnu	2025/2026	Starfsfólk skólans	Verður gefin út í vor	Vinna hefst á skipulagsdegi í september
Læsisstefna leikskólans	Stefna sveitarfélags	Er í endurskoðun	2025/2026	Stjórnendateymi	Áherslur læsisstefnu sýnilegar í starfi	Unnið á skipulagsdögum og fagfundum
Námssviðið Læsi og samskipti metið	Stefna sveitarfélags	Að deildarstjórar og kennarar deilda vinni markvisst með læsi og samskipti.	2025/2026	Stjórnendateymi	Metið að vori og stefnt að góðri niðurstöðu úr mati	Reglulega farið yfir hvernig staðan sé varðandi námssviðið

Vinna að jákvæðum og styðjandi starfsanda	Starfsmanna könnun	Hrósa, miðla upplýsingum, deila ábyrgð. Hópefli, uppákomur í daglegu starfi o.s.frv.	2025/2026	Stjórnendateymi	Efla góðan og jákvæðan starfsanda í húsinu	Sett hefur verið upp áætlun um hópefli og uppákonur á skólaárinu
Fagfundir	Niðurstöður starfsmanna-könnunar	Ræða markmið, skoða þróun fagfunda í öðrum leikskólum.	2025/2026	Stjórnendateymi	Tillögur um innihald og fjölda liggi fyrir.	Einn fundur á önn til að byrja með. Endurmetið í vor
Farsældarlögin	Stefna sveitarfélags	Kynna vel öllu starfsfólki farsældarlögin til að innleiðingin gangi sem best.	2025/2026	Stjórnendateymi	Skipulagsdagar/ undirbúningur og fræðslutorg.	Allir fá tækifæri og tíma til að kynna sér farsældarlögin

Fylgiskjal 2–Símenntunaráætlun						
Pátttakendur	Lýsing á námskeiði	Markmið	Dagsetning	Tímafjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Allt starfsfólk	Deildafundir	Upplýsingagjöf, fræðsla og fleira	Allt skólaárið	2x í mánuði	Unnið í eftirvinnu að hluta	Deildastjórar / Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Til að gefa starfsmanninum tækifæri til að skoða sjálfan sig í stafi og að gefa þeim tækifæri til að koma með ábendingar til stjórnenda um starf leikskólans	vor 2026	30 mín pr. Starfsmann	Unnið í vinnutíma	Leikskóla- og aðstoðarleikskólastjórar taka viðtöl við deildastjóra og matráða. Deildarstjórar taka viðtöl við starfsmenn sinna deilda.
Nýtt starfsfólk	Nýliðafræðsla í Arnarsmára	Farið yfir starfsmannahandbókina	Upphaf starfs og 4-6 vikum eftir að starf hefst	20-30 mín	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og deildastjórar
Nýtt starfsfólk	Nýliðafræðsla um uppbyggingu	Farið yfir hugmyndafræði Uppeldi til ábyrgðar	vorönn	1 klst	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjórnenndur
Fagfólk	Fagfundir	Fræðilegar umræður og stefnumótavinna,	Verður 1x á önn	2 tímar x2 = 4 tímar	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagar	Skyndihjálparnámskeið	Á skipulagsdegi	4 tímar	Tekið af rekstar kvóta skólans.	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagar nóvember	Góð samskipti á vinnustað	Á Skipulagsdegi	2 tímar	Tekið af rekstar kvóta skólans	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Fræðsla um ýmsa þætti í leikskólastarfinu og fagmennsku	Fræðslumorgnar	6-8 vikna fresti allt skólaárið	30 mín í senn	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjórnenndur
Deildastjórar	Deildastjórafundir	Á fimmtudögum verða ýmiskonar	1x í mánuði	2 klst hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskóladeild

		fræðsla og samráðsfundir fyrir deildastjóra				
Allir starfsmenn	Skipulagsdagar	Endurmat á skólaárinu, ýmsir matslistar unnir og sumarstarf skipulagt	13.maí	8 tímar	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Áætluð námsferð erlendis	Að starfsmenn fái tækifæri til að hafa áhrif á eigin þátttöku í endurmenntun	13-17.maí Vorönn	12 tímar	Styrkir úr endurmenntunarsjóðum FL, FSL og SFK	Leikskólastjórnendur/ Undirbúningsnefnd
Allir starfsmenn	Skipulagsdagar/ undirbúningur og Fræðslutorg	Að allir starfsmenn séu meðvitaðir um farsældarlögin og hvernig skal bregðast við.	Allt skólaárið	30 mín á viku.	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjórnendur

Fylgiskjal 3 - Skóladagatal 2025-2026

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal 2025 - 2026

Nafn skóla: Grunnur fyrir leikskóla Kópavogs

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F Sumartökun	1 M Aftögn 2	1 M	1 L	1 M Fúlfélagdagurinn	1 F Þvínudagur	1 S	1 S	1 M Skriflingadagur	1 F Vísuþýttadagurinn	1 M	1 M
2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ Áttunda 1.-5.	2 F Skriflingadagur	2 M	2 M	2 F Ráðdagur	2 L	2 Þ	2 F
3 S	3 M	3 F	3 M Vínvaka barna leikskólans	3 M	3 L	3 Þ	3 Þ	3 F Félagsdagurinn lengi	3 S	3 M	3 F
4 M Frídagur vísuþýttamanna	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F Áramóði á 18	4 L
5 Þ Sumartökun	5 F Ágætisvagnur dagur	5 S	5 M	5 F Þvínudagurinn	5 M	5 F	5 F	5 S Þvínudagur	5 Þ	5 F	5 S
6 M Sumartökun	6 L	6 M	6 F	6 L	6 Þ Þvínudagurinn	6 F	6 F	6 M Áttunda 1.-5.	6 M	6 L	6 M
7 F Skólar opna kl. 13:00	7 S	7 Þ	7 F Vísuþýttadagurinn	7 S	7 M Áttunda 1.-5.	7 L	7 L	7 Þ	7 F	7 S Þvínudagurinn	7 Þ Skólar opna kl. 13:00
8 F Ráðdagurinn	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F Vísuþýttadagurinn	8 M	8 M Sumartökun
9 L	9 Þ Þvínudagurinn	9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 M	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F Sumartökun
10 S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 L	10 Þ	10 Þ	10 S	10 S	10 M	10 F Sumartökun
11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 M	11 F	11 M	11 F Sumartökun	11 L
12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 M	12 F	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S
13 M	13 L	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 F	13 M	13 F	13 L	13 M Sumartökun
14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 L	14 L	14 F	14 F	14 S	14 Þ Sumartökun
15 F	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M Sumartökun
16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F	16 M	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F Sumartökun
17 S	17 M	17 F	17 M	17 L	17 M	17 F	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M Sumartökun
18 M Aftögn 1	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 M	18 F	18 M	18 L	18 L
19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F	19 S	19 M	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S
20 M	20 L	20 M	20 F	20 M	20 F	20 M	20 F	20 M	20 L	20 M	20 M Sumartökun
21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 L	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ Sumartökun
22 F	22 M	22 F	22 L	22 M	22 F	22 S	22 S	22 F	22 F	22 M	22 M Sumartökun
23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 F	23 M	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F Sumartökun
24 S	24 M	24 F	24 M	24 F	24 S	24 L	24 Þ	24 F	24 M	24 F	24 F Sumartökun
25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 M	25 F	25 S	25 M	25 L	25 M	25 F	25 L
26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F	26 S	26 L	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 S
27 M	27 L	27 M	27 F	27 L	27 Þ	27 F	27 F	27 M	27 L	27 M	27 M Sumartökun
28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 M	28 F	28 M	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ Sumartökun
29 F	29 M	29 M	29 L	29 M	29 F	29 S	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M Sumartökun
30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F Sumartökun
31 S		31 F		31 M	31 L		31 F	31 S	31 S		31 F Sumartökun